



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 6. nóvember, 2014

Ákvörðun nr. 30/2014

## **Samruni KS sölu ehf., Sláturhússins Hellu hf. og Skanka ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 6. júní 2014 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning þar sem tilkynnt var um samruna KS sölu ehf. (KSS), Sláturhússins Hellu hf. (Sláturhúsið Hella) og Skanka ehf. (Skanki), sbr. reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna með síðari breytingum. Með umræddum kaupum eignast KSS allt að 60% hlut í Sláturhúsinu Hellu og 60% eignarhlut í Skanka. Að mati samrunaaðila eru framangreind kaup ekki til þess fallin að skapa samkeppnislög vandkvæði, sbr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í bréfi sem fylgdi samrunatilkynningunni var óskað eftir undanþágu fyrir því að samruninn kæmi til framkvæmda meðan hann væri til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu með vísan til 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum.

Við skoðun Samkeppniseftirlitsins á samrunatilkynningunni kom í ljós að upplýsingar um samrunann voru ófullnægjandi og var það tilkynnt samrunaaðilum með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 20. júní 2014. Það átti sérstaklega við um skilgreiningu á mörkuðum og upplýsingar um þá markaði þar sem áhrifa gætir vegna samrunans, sbr. VII. og VIII. kafla viðauka I við reglur nr. 684/2008.

Þann 11. júlí 2014 barst Samkeppniseftirlitinu ný og endurbætt samrunatilkynning vegna samrunans. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. júlí 2014, var samrunaaðilum tilkynnt að endurbætt samrunatilkynning væri fullnægjandi og að lögbundnir tímafrestr myndu byrja að líða frá og með þeim degi sem hún barst eftirlitinu skv. 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 684/2008. Í bréfinu var bent á að með þeirri samrunatilkynningu sem borist hefði þann 6. júní 2014 hefði fylgt beiðni um undanþágu frá því ákvæði samkeppnislaga sem kveður á umað samruni komi ekki til framkvæmda meðan hann sé til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Tilkynnt var í bréfi Samkeppniseftirlitsins að þar sem viðkomandi samruni varðaði bæði lágrétt og lóðrétt tengda markaði teldi Samkeppniseftirlitið þörf á því að rannsaka áhrif samrunans áður en hann kæmi til framkvæmda. Beiðni um undanþágu til að framkvæma samrunann væri því hafnað.



Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 15. ágúst 2014, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að það teldi ástæðu til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005. Þannig taldi Samkeppniseftirlitið m.a. nauðsynlegt að afla gagna frá sláturhúsum og vinnsluaðilum í þeim tilgangi að meta nánar stöðu viðkomandi aðila á þeim mörkuðum sem til skoðunar eru. Þá hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi og samtöl við ýmsa aðila sem starfa á viðkomandi mörkuðum málsins. Að því marki sem upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins er þess getið í þessari ákvörðun.

## II.

### Samruninn, aðilar hans og yfirráð

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að KSS sé dótturfélag í 100% eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS) en að engin velta hafi verið hjá félaginu. Í ljósi þess verður vísað til starfsemi KS við mat á markaðshlutdeild félagsins og samkeppnislegra áhrifa samruna þessa máls. Helsta starfsemi sem KS fæst við er sjávarútvegur, kjötframleiðsla, mjólkurframleiðsla, fóðurframleiðsla, verslunarrekstur, rekstur bíla- og vélaverkstæðis og vöruflutningar. Tekið er fram í samrunatilkynningu að KS hafi ekki verið starfandi á markaði fyrir unnar kjötvörur en að markmiðið sé að þjónusta afurðakaupendur á höfuðborgarsvæðinu betur en verið hefur á þeim markaði. Með kaupunum telji KS mögulegt að ná fram aukinni hagræðingu en ætlunin sé að hefja starfsemi á sviði kjötvinnslu og auka framboð nautakjöts til viðskiptavina KS. Hingað til hafi KS aðeins grófunnið vörur úr sauðfé, nautgripum og hrossum. Dótturfélög KS, auk KSS, eru Sláturhús KVH ehf. (50%), FISK Seafood ehf., Vörumiðlun, Trésmiðjan Borg ehf., Tækjagarður ehf. (50%), Fóðurfélagið ehf., Vogabær ehf., Norðlensk Orka ehf. (92,2%), Þrá ehf. (50%), Steinullarfélagið ehf., Kaupsæld ehf., Fóðurblandan hf., Reykir í Hjaltadal ehf., Fjölbýgg ehf., Íslenskar sjávarafurðir ehf., Tengill Eigarhaldsfélag og Tengill ehf.

Helsta starfsemi Sláturhússins Hellu er slátrun á nautum og hrossum og grófvinnsla úr þeim afurðum. Sláturhúsið Hellu á fyrir samrunann 100% hlut í Skanka en 40% ef af kaupum KSS á félaginu verður. Þá á Sláturhúsið Hellu 58,34% hlut í Pakkhúsinu Hellu hf. Í samrunatilkynningunni kemur fram að KSS festi kaup á 41,66% hlut Þorgils Torfa Jónssonar í Pakkhúsinu samhliða kaupum á Sláturhúsinu Hellu og Skanka gangi þau eftir.

Helsta starfsemi Skanka er alhliða kjötvinnsla.

Í samrunatilkynningunni er þess getið að ekki sé um nein önnur fyrirtæki að ræða sem séu undir yfirráðum samrunaaðila og stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa samruna gæti. Þá sé ekki um neitt annað formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf að ræða þar sem áhrifa gæti í þessu máli.



### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. laganna kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

#### 1. Um skilgreiningu markaða

Samrunaaðilar telja að rétt sé að skilgreina vörumarkaðinn sem málið varðar svo:

*„Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH hafa enga fullvinnslu á kjöti með höndum, þ.e. enga farsgerð, áleggsgerð né reykingu. KS og KVH eru einungis í grófhlutun og pökkun á lambi, nauti og hrossum, auk þess að salta og krydda í litlu mæli u.þ.b. 0,5% grófhlutunar. Allar vinnsluvörur ásamt svínakjöti eru keyptar af öðrum framleiðendum til sölu á heimamarkaði, þ.e. Skagafirði. Þess má geta að umfang þessarar endursöluvara á síðasta ári var kr. 37 milljónir eða 1,4% af veltunni.*

*Sláturhúsið á Hellu er að sama skapi í grófhlutun og pökkun á nauti og hrossum. Einnig sinnir Sláturhúsið á Hellu einhverri reykingu og söltun í litlu mæli, auk framleiðslu á bjúgum og hamborgurum. Stærstur hluti er þó aðeins grófhlutaður og seldur þannig áfram.*

*Kjötbankinn er afur á móti í fullvinnslu kjötvara úr nauti, lambi, alifuglakjöti og hrossum (í litlu mæli).“*

Að mati samrunaaðila varðar viðkomandi samruni markaði fyrir slátrun á hrossum, slátrun á nautum, slátrun á sauðfé, grófvinnslu- og fullvinnslu á kjöti. Þá telja samrunaaðilar að viðkomandi samruni nái einnig til smásölu á ferskum og unnum kjötvörum til dagvöruverslana og annarra aðila.

Landfræðileg skilgreining markaða er Ísland að mati samrunaaðila.

Samkeppniseftirlitið tekur undir framangreint mat samrunaaðila um að hver kjöttegund tilheyri þannig sérstökum markaði. Um það efni má m.a. vísa til ákvörðunar samkeppnissráðs nr. 25/2001 *Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum*, þar sem talið var að sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiddu til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga væri á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2010 var talið að hver kjöttegund væri á sjálfstæðum markaði. Þá verður að horfa til þess að í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2011 Búvangur o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu var lagt til grundvallar að svínakjöt tilheyrði sérstökum markaði.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2011 *Brot Síldar og fisks ehf. og Matfugls ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*



Samkeppniseftirlitið telur að sömu sjónarmið eigi við í þessu máli, þ.e. að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði. Þau kjötvinnslufyrirtæki sem um ræðir í málinu framleiða aðallega vörur úr kindakjöti, nautakjöti og hrossakjöti og lítilsháttar úr svínakjöti. Samkeppniseftirlitið telur því eðlilegt að mörkuðum þessa máls verði skipt eftir umræddum kjöttegundum.

Eins og fram kemur í samrunatilkynningunni hafa KS og Sláturhúsið Hellu ekki með fullvinnslu á kjöti að gera nema að óverulegu leyti. Megin starfsemi KS og KVH, dótturfélags þess, á viðkomandi mörkuðum málsins felst fyrst og fremst í slátrun á sauðfé, auk nokkurrar slátrunar á hrossum og nautgripum og grófhlutun og pökkun viðkomandi afurða. Vinnsla og sala á unnum kjötvörum er óveruleg hjá KS sem og endursala slíkra vara frá öðrum vinnsluaðilum.

Megin starfsemi Sláturhússins Hellu felst í slátrun á nautgripum auk slátrunar á hrossum og sölu á bæði ferskum og unnum kjötvörum.

Starfsemi Skanka felst aðallega í vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn varði markaði fyrir slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum og sölu á viðkomandi ferskum og unnum kjötvörum.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegir markaðir þessa máls eigi við um landið allt, Ísland.

## **2. Markaðshlutdeildir aðila á viðkomandi mörkuðum**

Það er meginregla í samkeppnisrétti að fyrirtæki sem er með 50% markaðshlutdeild á hinum skilgreinda markaði er talið markaðsráðandi, nema skýr sönnunargögn bendi til annars.<sup>2</sup> Ályktunin um markaðsráðandi stöðu sem draga má af markaðshlutdeild er enn sterkari ef fyrirtæki hafa meira en 50% markaðshlutdeild.

Í ákvörðun þessari er samruni KSS, Sláturhússins Hellu og Skanka tekinn til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga um samruna. Í máli þessu þarf því að rannsaka hvort samruni þessara fyrirtækja hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða samruninn verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Framangreindur samruni felur m.a. í sér bæði lóðréttan og láréttan samruna (e. *vertical and horizontal merger*) þar sem samrunaaðilar starfa við slátrun viðkomandi tegunda búfjár og/eða vinnslu og sölu á fersku og unnum afurðum. Nánar tiltekið starfa KS og Sláturhúsið Hella bæði við slátrun ásamt vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum

---

<sup>2</sup> Sjá hér t.d. dóm undirréttar ESB frá 30. janúar 2007 í máli nr. T-340/03 *France Télécom v Commission*: „...although the importance of market shares may vary from one market to another, very large shares are in themselves, and save in exceptional circumstances, evidence of the existence of a dominant position (*Hoffman-La Roche v. Commission*, paragraph 80 above, paragraph 41, and *Case T-221/95 Endemol v Commission* [1999] ECR II-1299, paragraph 134). The Court of Justice held in *Case C-62/86 AKZO v Commission* [1991] ECR I-3359, paragraph 60, that this was so in the case of a 50% market share.”



(KS annast þó einungis endursölu á unnum kjötvörum). Skanki rekur ekki sláturhús og starfar fyrst og fremst við vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum.

Samkeppnishömlur sem stafa af láréttum samruna eru aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi ef samruni verður til þess að viðkomandi fyrirtæki hætta að keppa sín á milli um hylli viðskiptavina sinna með tilheyrandi afleiðingum fyrir viðskiptavinum og neytendum. Í öðru lagi ef samruni leiðir til þess að hið sameinaða fyrirtæki öðlist það mikinn efnahagslegan styrk að það geti hætt að taka tillit til keppinauta sinna og neytenda. Í þriðja lagi ef aukin samþjöppun á markaðnum sem fylgir láréttum samruna dregur alvarlega úr samkeppni þeirra fyrirtækja sem eftir eru á markaðnum. Lóðréttir samrunar eru almennt ólíklegri en láréttir samrunar til þess að fela í sér takmörkun á samkeppni. Þeir geta þó undir vissum kringumstæðum haft í för með sér skaðleg útilokunaráhrif.

Í tilkynningu samrunaaðila til Samkeppniseftirlitsins þann 11. júlí 2014 var markaðshlutdeild þeirra metin á markaði fyrir slátrun hrossa, nautgripa og sauðfjár út frá fjölda gripa og verðmæti. Vegna lóðréttar samþættingar á mismunandi stigum framleiðslunnar telji samrunaaðilar að ætla megi að hlutdeild KS KVH og Sláturhússins á Hellu í sölu til kjötvinnsluaðila sé í sömu hlutföllum og hlutdeild í slátrun nautgripa, hrossa og sauðfjár. Sé það niðurstaða samrunaaðila að því gefnu að þau sláturhús sem einnig reka kjötvinnslu séu tekin með í reikninginn á heildarmarkaði fyrir heildsölu til kjötvinnsluaðila. Vísað er til markaðshlutdeildar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2011 *Brot Síldar of fisks ehf. og Matfugls ehf. á 10. gr. samkeppnislaga* á fersku og unnu nautakjöti til matvöruverslana þar sem t.d. fram komi að Norðlenska matborðið, sem KS selji til en stundi einnig slátrun, sé með mun hærri markaðshlutdeild á þeim mörkuðum en hlutdeild þeirra í slátrun bendi til. Skýrist það af sölu KS til umræddra aðila sem stundi bæði slátrum og vinnslu. Að mati samrunaaðila bendir ekkert til þess að hlutdeild á heildsölumarkaði til kjötvinnsluaðila sé með öðrum hætti en hlutdeild á markaði fyrir slátrun gripanna. Í þeim tilvikum þar sem fullvinnsluaðilar séu með hærri markaðshlutdeild á markaði fyrir unnar kjötvörur en í slátrun þá auki þeir magn unninna kjötvara með kaupum frá aðilum eins og KS, Sláturhúsi KVH og SAH Afurðum ehf. (SAH).

Við mat á markaðshlutdeild sinni miða samrunaaðilar við mat Hagstofunnar, út frá ársreikningum viðkomandi og með vísan til fyrri ákvarðana samkeppnisyfirvalda á viðkomandi mörkuðum.

Samkeppniseftirlitið bendir á að tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er sá að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendum og tjóns fyrir samfélagið. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum. Við mat á því hvort tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.

Mjög há markaðshlutdeild eða 50% eða meiri getur í sjálfu sér verið til vitnis um markaðsráðandi stöðu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu*. Samruni fyrirtækja sem verða eftir samruna með undir 50% markaðshlutdeild geti einnig raskað samkeppni í ljósi annarra atriða svo sem styrks og fjölda keppinauta, hvort fyrir hendi séu takmarkanir á framleiðslugetu, eða í ljósi þess að hve miklu leyti vöruhegundir samrunaaðila eru staðgönguvörur. Þannig hefur



t.d. framkvæmdastjórn ESB talið að samrunar sem leiða til þess að samrunafyrirtæki nái markaðshlutdeild á milli 40 og 50% og í sumum tilvikum minna en 40% myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu.<sup>3</sup>

Við ákvörðun um markaðshlutdeild er að jafnaði stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi fyrirtækja um tekjur þeirra vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem um ræðir á síðasta heila almanaksári eða eftir atvikum fleiri undangengnum árum, sbr. t.d. ársreikninga eða árshlutauppgjör eða nánari sundurliðun á tekjum eftir því sem við á í hverju máli. Þar sem samþætting sláturhúsa og vinnslu er mjög mismunandi þá er erfiðleikum bundið að vinna samanburðarhæfar upplýsingar upp úr ársreikningum allra sláturleyfishafa og vinnslufyrirtækja á landinu. Í ljósi þess þótti Samkeppniseftirlitinu rétt að kalla m.a. eftir tölulegum upplýsingum frá sláturhúsum og vinnsluaðilum um fjölda sláturgripa skipt niður á sauðfé, hross og nautgripi eftir magni og tekjum vegna vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum á árunum 2012 og 2013. Óskað var eftir sundurliðun á tekjum af seldum afurðum til eigin kjötvinnslu, til annarra vinnsluaðila innanlands, til dagvöruverslana og annarra aðila.

Eins og rakið er hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðir þessa máls séu slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum annars vegar og vinnsla og sala á ferskum og unnum kjötvörum af framangreindum gripum sem og svínakjöti hins vegar.

Verður nú fjallað um nánar um stöðu samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum þessa máls.

### 2.1 Markaðshlutdeild í slátrun sauðfjár, hrossa og nautgripa

Á árinu 2013 voru sjö sláturhús sem önnuðust slátrun á sauðfé, þar með talin KS og Sláturhús KVH sem KS á 50% eignarhlut í. Sláturhúsið Hella stundar ekki slátrun á sauðfé og hefur viðkomandi samruni því ekki áhrif á markaðshlutdeild samrunaaðila á þessum markaði. Sameiginleg markaðshlutdeild KS og sláturhúss KVH í slátrun á sauðfé var undir 35% á árinu 2013.

Á árinu 2013 voru átta sláturhús sem stunduðu slátrun á hrossum, þar með talin KS, Sláturhús KVH og Sláturhúsið Hella. Eftir samrunann væri sameiginleg hlutdeild KS, Sláturhúss KVH og Sláturhússins Hellu í slátrun á hrossum undir 35% miðað við slátrun á árinu 2013.

Á árinu 2013 störfuðu átta aðilar við slátrun á nautgripum, þar með talin KS, Sláturhús KVH og Sláturhúsið Hella. Greina má helstu áhrif samrunans á þessum markaði en þrátt fyrir það var sameiginleg hlutdeild KS, Sláturhúss KVH og Sláturhússins Hellu í nautgripaslátrun eftir samrunan undir 35% á þessum markaði á árinu 2013.

KS, Sláturhús KVH og Sláturhúsið Hella slátruðu ekki svínunum á árinu 2013.

### 2.2 Markaður fyrir sölu á ferskum kjötvörum

Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í sölu á ferskum kjötvörum til dagvöruverslana var undir 20% í kindakjöti, undir 20% í hrossakjöti, undir 10% í

---

<sup>3</sup> Sjá: Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings (2004/C 31/03).



nautakjöti og undir 5% í svínakjöti á árinu 2013. Til samanburðar var Norðlenska með undir 55% markaðshlutdeild í sölu á fersku kindakjöti til dagvöruverslana og undir 40% í sölu á nautakjöti. Hlutdeild samrunaaðila í heildsölu til eigin vinnslu og annarra aðila innanlands var undir 5% í svínakjöti, undir 20% í hrossakjöti, undir 30% í kindakjöti og undir 40% í nautakjöti. Til samanburðar var hlutdeild SS í heildsölu til eigin vinnslu og annarra aðila undir 35% í hrossakjöti, undir 35% í nautakjöti og undir 30% í kindakjöti.

### 2.3 Markaður fyrir sölu á unnum kjötvörum

Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í sölu á unnum kjötvörum til dagvöruverslana var undir 10% í kinda-, nauta-, hrossa- og svínakjöti. Sömu sögu er að segja um markaðshlutdeild í heildsölu til annarra aðila en dagvöruverslana sem fór ekki yfir 10% í viðkomandi kjöttegundum.

## 3. Önnur samkeppnisleg áhrif af samrunanum

Hér að framan hefur verið fjallað um markaðshlutdeild á mörkuðum málsins í kjölfar samrunans. Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að samruninn auki við þá samþjöppun sem fyrir er á mörkuðum málsins en það sem dregur úr vægi þess er að starfsemi samrunaaðila á mörkuðum málsins er að nokkru leyti ólík eins og frammar segir. Þrátt fyrir framangreint þá benda ársreikningar til þess að fjárhagslegur styrkleiki samrunaaðila sé töluvert meiri en helstu keppinauta og munar þar sérstaklega um efnahagslegan styrkleika KS.

Samrunaaðilar telja að samkeppnislegra áhrifa samrunans gæti á þeim mörkuðum sem Skanki og Sláturhúsið Hella starfi á sem og KS og dótturfélag þess sláturhús KVH. Áhrifa kunni einnig að gæta í sölu til dagvörumarkaða en KS starfar á þeim markaði. Sé um að ræða markaði fyrir ferskt kjöt og frosið annars vegar og kjöt sem hefur verið unnið á einhvern hátt hins vegar. Þá megi merkja áhrif á markaði fyrir slátrun nautagripa, hrossa og sauðfjár. Samrunaaðilar taka fram að með samrunanum muni samkeppni á markaði fyrir ferskar en þó sérstaklega unnar kjötvörur aukast og séu áhrif hans á neytendur því jákvæð. Þannig muni sterkara félag koma inn á markaðinn sem muni ná að keppa við stóra aðila sem fyrir eru á markaðnum. Það er mat samrunaaðila að samruninn muni ekki verða til þess fallinn að hindra samkeppni með neinum hætti.

Þegar samkeppnisleg áhrif samruna eru metin er rétt að líta til annarra atriða en þeirra sem fjallað hefur verið um hér að ofan. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um mat á láréttum samruna kemur fram að þegar samkeppnisleg áhrif af samruna eru metin skipti há markaðshlutdeild samrunaaðila töluverðu máli en aðrir þættir hafi einnig þýðingu. Talin eru upp í dæmaskyni nokkur atriði sem gagnlegt er að kanna þegar möguleg ósamstillt áhrif (e. *non-coordinated effects*) samruna eru metin:

- Há markaðshlutdeild samrunaaðila
- Samrunaaðilar séu nánir keppinautar
- Takmörkuð geta viðskiptavina til að skipta um birgja
- Keppinautar séu ólíklegir til að auka framboð ef verð hækkar
- Hið sameinaða fyrirtæki sé líklegt til að geta hindrað stækkun keppinauta (e. *Merged entity able to hinder expansion by competitors*)
- Samruninn veldur því að mikilvægur keppinautur hverfi af markaði



Þessi atriði eru eins og áður segir aðeins talin upp í dæmaskyni og því ekki um að ræða tæmandi upptalningu atriða sem líta ber til. Þegar möguleiki samrunaaðila á að hindra virka samkeppni er metinn er litið til þessara atriða en þetta þýðir þó ekki að öll framangreind atriði verði að vera uppfyllt til að samruni teljist skaðlegur samkeppni.<sup>4</sup>

Eins og áður hefur komið fram er markaðshlutdeild samrunaaðila í kjölfar samrunans ekki það há að hún leiði út af fyrir sig til markaðsráðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum. Til að mynda verður hlutdeild þeirra á mörkuðum málsins þar sem áhrifa gætir töluvert undir 50%. Bendir sú staðreynd ein og sér til þess að samruninn muni ekki hindra virka samkeppni.

Af samtölum við keppinauta á markaði að dæma hafa sjálfstæðar kjötvinnslu nokkrar áhyggjur af aukinni lóðrétttri samþættingu í slátrun og vinnslu á einstökum mörkuðum þessa máls. Í því sambandi er bent á að hráefnisverð með hliðsjón af smásöluverði í verslunum gefi ekki mikið svigrúm fyrir þá til þess að keppa af krafti. Bent er á að oft á tíðum muni þar litlu hvort hráefnið sé keypt í stórverslunum á smásölumarkaði eða í heildsölu hjá sláturhúsum. Það sé m.a. afleiðing af skorti á hráefni á markaði og að vinnsluaðilar hafi þurft að bæta sér það upp með innflutningi þegar heimild og aðstæður séu í boði. Samruninn mun litlu breyta hvað framangreint varðar þar sem Skanki er þegar stærsti viðskiptavinur Sláturhússins Hellu. Það er þó markmið samrunaaðila að samruninn hafi í för með sér betri nýtingu húsnæðis með því að augin úrbeining og grófvinnsla eigi sér stað hjá sláturhúsunum. Það gæfi Skanka í Hafnarfirði tækifæri til að framleiða meira magn í núverandi húsnæði að því gefnu að Skanki næði að auka markaðshlutdeild sína í unnum kjötvörum. Eins og fyrr segir er sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila lág í unnum kjötvörum, eða innan við 10% í sölu til dagvöruverslana eða í heildsölu til annarra aðila.

Eins og frammar er getið fæst KS aðallega við sauðfjárslátrun á meðan Sláturhúsið Hella leggur aðallega stund á nautgripaslátrun. Þá telur Samkeppniseftirlitið að þar sem starfsemi Skanka felist aðallega í kjötvinnslu en ekki slátrun líkt og hjá KS og Sláturhúsinu Hellu þá sé ekki hægt að líta svo á að með samrunanum hverfi mikilvægur keppinautur af markaði.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

---

<sup>4</sup> *Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings.* (2004/C 31/03), mgr. 26.





**Ákvörðunarorð:**

**„Í kaupum KS sölu ehf. á Sláturhúsinu Hellu hf. og Skanka ehf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson